

Móll 11/3 70

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRID 1969

Starfsskýrsla.

Frá áramótum og fram til 27. maí starfaði ég á skrifstofu Skógrækta ríkisins í Reykjavík.

Eg var í Skorradal og stjórnaði framkvæmdum Skógræktaðarinnar þar frá 27. maí til 8. oktober, en eftir það var ég á skrifstofunni í Reykjavík, en fór öðru hvoru í Skorradal til eftirlits, fella jólatré o.fl.

1. Veðurfar.

Veturinn má telja fremur kaldann. Mesta frost mældist í Hvammi 23 C. Frostharðir kaflar voru samt ekki mjög langir. Klaki í jörð var með mesta móti svo að neyzluvatn fraus í Hvammi en það hefur ekki skeð áður á síðastliðnum lo árum.

Pegar ég fluttist upp í Skorradal 27. maí var birkiskógrinn ekki orðinn laufgaður og var allur svartur yfir að líta. Alaskalúpína var þá byrjuð að vaxa og lerkið orðið laufgað. Á stöku stað var klaki alveg upp að mosa. Birkið var orðið laufgað 5. júní.

Þó að voraði seint má samt telja að veðurfar hafi verið hagkvæmt fyrir gróðursetningu. Plöntur voru lítið eða ekkert farnar að vaxa þrátt fyrir síðbúna gróðursetningu. Skúrasamt var yfir allann gróðursetningartímann svo að aldrei þurftu plönturnar að þorma. Sumarið allt var með fádænum úrkamusamt og sólarlítindi. Þrátt fyrir sólarleysið var sumarið í heild ekki mjög kalt.

Um mánaðarmótin júlí - ágúst gerði mikið suð-austan hvassviðri sem olli tölverðum skemmdum á toppum á sitkagreni. Aætla má að um 7 - 10% af sitkagrenistoppunum hafi brotnað í þessu veðri. Flestir topparnir brotnuðu við brumhlífarnar frá í vor en sumir árstopparnir fóru í sundur á miðju. Fyrsta næturfrosti haustsins, sem ég varð var við, var lo. september. Ekkie sá þó á kartöflugrasi í Hvammi við þetta næturfrost en það féll ekki af frosti fyrr en 26. september og eftir það fór að kólna til muna í veðri.

Lauffall á birki var 26-29. september.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom allur vel undan vetrí, en lifnaði seint svo sprettutími hefur verið í styttra lagi. Allt birki sunnan megin í dalnum var með allra fallegasta móti og skilaði óvenju miklum ársvexti í summar. Það virtist vera mjög frítt við lús og maðk og ég hef vart séð áður í Skorradal jafn langa og kröftuga árssprota á villibirkí. Norðan vatnsins var birkið ekki eins fallegt en samt var þar minna um maðk og lús en undanfarin tvö ár.

Vöxtur barrplantna var í summar nærri meðallagi, en ekki hef ég neinar tölur þar að lútandi. Lerki óx betur en á undanförnum árum en all mikið er farið að bera á sveppasjúkdómi í því, sérstaklega kvæmin frá Heinola og Hakaskoja. Á einstöku stað var all mikið um lús á sitkagreni í summar en hún virtist ekki hnijá því verulega.

Mældar voru í haust nokkrar plöntur í tilrauna og athugunarreitum í Hvammi og verður hér gerð nánari grein fyrir þeim mælingum.

Samanburður á gróðursetningu með haka og skóflu og notkun nokkurra áburðartegunda samhliða gróðursetningu.

Reitur: nr. 612. Hvammi.

Plöntur: Rauðreni Vefsen Grane V. 2/3.

Gróðursett: 5-7/7. 1965. Flestar plönturnar voru ekki farnar að vaxa þegar þær voru gróðursettar.

Veður: Vestan gola heiðríkt hiti um 20 °C.

Land: Mjög raklent hallar móti suðri.

Gróður: Gisið birkikjarr um 1 - 1,5m. á hæð.

Hálfgrös áberandi, Blömplöntur: brennisóley, túnfífill, mjaðjurt, fjalladalafífill, gulmaðra og krossmaðra.

Samanburður á eftirtöldum atriðum:

1. Gróðursetning með vanalegum plöntuhaka við löðréttan vegg.
2. Gróðursetning með þýzkum bjúgskóflum.
3. Gróðursett með bjúgskóflu og 60 gr. af ureaform látið undir í hverja holu.
4. Gróðursett með bjúgskóflu og 60 gr. af áburðarblöndu látið undir í hverja holu. (Blanda: 8 kg. ureaform og 2 kg. hráfosfat).

	Mælt 1965. Tala pl. Hæð. Årspr.	Mælt 1966. Tala pl. Hæð. Årspr.	Mælt 1969. Tala pl. Hæð. Årspr.
1.	288	17,81 1,36	271 18,97 1,68
2.	282	16,52 1,29	257 18,76 1,85
3.	96	17,06 1,52	81 18,09 1,09
4.	96	16,43 1,37	81 18,98 2,40

Athyglisvert er í þessum samanburði að plöntur gróðursettar með bjúgskóflu voru að meðaltali lægri á fyrsta ári en skýringin er sennilega sú, að þær eru gróðursettar aðeins dýpra. Það kemur hinsvegar á óvart að bjúgskófluplönturnar eru nú orðnar að meðaltali hærri og skiluðu í sumar meiri árssprota.

Samanburður á vexti plantna með notkun tjörupappa kringum plönturnar í graslendi og notkun ýmissa áburðartegunda.

Reitur: 623, rás 20 flöt 3 og rásir 1-9 flöt 4.

Plöntur: Rauðgreni, Grane Vefsen gróðursettar 9-13/6 '64.

Land: Fremur þurrlend grasi gróin jarðgrunn skriða hallar móti suðri.

Gróður: Mest áberandi grastegundir og mosi. Grös: língresi og sauðvingull algengust.

Lítið um blómplöntur.

Gengið frá tjörupappa og áburði dreift lo/8, 1966.

Samanburður á eftirtoldum atriðum:

1. Reitt frá plöntum bæði gras og mosi og síðan láttinn pappi.
2. Grasið bara bælt í kring um plönturnar og gengið frá pappa ofan á það.
3. Gras og mosi reitt vel frá plöntunum.
4. Einn hnifi af kjarna borinn að hverri plöntu.
5. Einn hnifi hráfosfat að hverri plöntu.
6. Einn hnifi þrífosfat að hverri plöntu.
7. Einn hnifi kali að hverri plöntu.
8. Einn hnifi af blöndu að hverri plöntu.
Blanda 12 kg. kjarni 2,5 kg. þrífosfat
750 gr. kali.
9. Engin meðferð.

	1966.		19/lo 1969.				
	Tala pl. hæð. ársspr.		Tala pl. hæð. ársspr.				
1.	37	21,9	3,22	29	29,86	3,79	P
2.	39	23,5	3,82	37	29,05	4,32	P
3.	36	23,5	3,47	35	32,60	4,40	P
4.	39	22,2	3,95	35	38,57	7,80	N
5.	39	22,9	5,18	37	37,7	7,51	P hráf.
6.	34	20,4	4,59	30	38,96	8,53	P +
7.	39	21,7	3,95	35	33,51	6,71	K
8.	39	24,7	4,23	38	39,60	8,05	NPK
9.	37	23,1	2,84	32	34,21	5,84	C

Pegar borin er saman stærð plantna þar sem pappi var notaður og þar sem reitt var frá plöntunum annarsvegar og svo stærð þeirra er enga meðferð fengu hinsvegar, þá sést að við þessar aðstæður er árangur neikvæður. Kali virðist gefa mjög litla vaxtaraukningu en bæði köfnunarefni og fosforáburður gefa greinilega vaxtaraukningu, mjög greinilegt er að notkun áburðarblöndu hefur gefið mesta vaxtaraukningu.

3. Starfsfólk.

Á meðan vorannir stóðu voru flest 9 starfsmenn, en yfir mestann hluta sumarsins voru 5 karlmenn og ráðskona. Launagreiðslur námu samtals Kr. 347,754,90. Launagreiðslur mánaðarlega voru sem hér segir:

maí.....	Kr.	4.142.00
júní.....	"	134.156.40
júlí.....	"	98.445.90
ágúst.....	"	78.161.80
september.....	"	24,278,60
okt-des.....	"	8,570,20
<u>Samtals.Kr.</u>		<u>347.754.90</u>

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda árið 1969.

24. Girðing vegna viðskiptamanns.....	Kr.	6.600.82
141. Viðhald fasteigna Hvammi.....	"	6.704.89
211. Girðing Selskógi.....	"	79.287.12
212. Viðbygging Hvammi.....	"	27.738.71
1902. Ráðskona.....	"	70.696.60
1903. Grisjun Hvammi.....	"	16.354.16
1903. Grisjun Selskógi.....	"	1.283.66
1903. Grisjun Stálpastöðum.....	"	679.62
1904. Gróðursetning Hvammi.....	"	84.096.11
1904. Gróðursetning Stálpastöðum.....	"	9.770.66
1904. Gróðursetning Selskógi.....	"	1.020.00
1904. Gróðursetning Stóra-Botni.....	"	4.139.32
1905. Grisja frá plöntum Hvammi.....	"	3.448.19
1905. Grisja frá plöntum Stálpastöðum..	"	4.179.12
1905. Áburður Hvammi.....	"	1.968.00
1905. Áburður Stálpastöðum.....	"	3.465.40
1905. Mælingar.....	"	534.70
1906. Viðhald girðinga stálpastöðum....	"	481.31
1906. Viðhald girðinga Hvammi.....	"	21.157.11
1907. Vegagerð Hvammi.....	"	107.00
1911. Jólatré Stálpastöðum.....	"	1.038.10
2002. Lúpína.....	"	<u>3.004.30</u>
<u>Samtals Kr.</u>		<u>347.754.90</u>

4. Girðingar.

Lokað var nýrri girðingu um Selskógi á Indriðastöðum. Aður var búið að koma upp girðingu rúmlega 500 m. langri en í ár var þarna girt um 2,5 km. girt var með neti og þrem strengjum af gaddavír. Staurar eru bæði úr járni og tré því sem hæst til helminga af hvorri gerð. Renglur eru úr tré. Eftir er að setja um 125 renglur í girðinguna og ganga frá hliði inn í hana.

Telja má girðinguna vandaða að frágangi en samt má búast við töluverðum viðhaldskostnaði því hún liggar á tveim stöðum yfir á, sem getur orðið mjög vatnsmikil í vatnavöxtum.

Steyptir voru niður hornstaurar fyrir væntanlega skógræktargirðingu á Stóru-Drageyri. Það verk annaðist vinnuflokkur úr Fossvogi.

Viðhald girðinga var með svipuðu móti og undanfarið. Það er alltaf kostnaðarsamt að annast viðhald girðingar- endanna þar sem þeir koma út í Skorradalsvatn.

Í Hvammi var færð um 500 m. löng hestagirðing vegna nýs gróðursetningarsvæðis.

5. Gróðursetning.

Unnið var við gróðursetningu á tímabilinu frá 5. júní til 4. júlí, og alls gróðursettar 74.000. plöntur, í 5 girðingar. Það er 24.200 pöntum meira en áætlað var í starfsáætlun 1969.

Plöntufjöldinn skiptist eftir girðingum sem hér segir.

Hvammur.....	64.125
Stálpostaðir.....	5.925.
Selskógur.....	1.000
Stóri-Botn.....	2.800
Háafellsreitur.....	<u>150</u>

Samtals 74.000

Plönturnar skiptast eftir tegundum sem hér segir:

Stafafura.....	40.000
Rauðgreni.....	29.870.

Douglasreni.....	2.000
Birki.....	<u>2.130</u>
	74.000

Tafla yfir gróðursetningar 1969.

Stálpastastaðir:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag.
Douglasreni	B566	2/3	1.000	R 1.11.2	5/6
Douglasreni	Blueberry	2/3	850	R 1.11.2	6/6
Rauðgreni	Frosta	2/3	4.075	R 132	2-3/7

Hvammur:

Rauðgreni	Frosta	2/3	14.875	R 522	27/6-3/7
Rauðgreni	Vefsen Gr. 3/4		9.920	R 821	24-27/6
Stafafura	Skagway	3/0	25.450	R 824	11-24/6
Stafafura	Skagway	2/2	4.950	R 222	3-4/7
Stafafura	Sitka	2/2	200	R 131	6/6
Stafafura	Sitka	2/2	600	R 333	19/6
Stafafura	Petersburg	3/0	6.000	R 826	7-11/6
Birki	Bæjarstað	3/0	1.130	R 333	18-19/6
Birki	Bæjarstað	3/0	1.000	R 131	9/6

Selskógur:

Rauðgreni	Frosta	2/3	1.000		1/7
-----------	--------	-----	-------	--	-----

Stóri-Botn:

Stafafura	Skagway	3/0	2.800	R 13	13/6
-----------	---------	-----	-------	------	------

Háfellsreitur:

Douglasreni	Blueberry	2/3	150		5/6
-------------	-----------	-----	-----	--	-----

6 Hirðing.

Grisjun var með minna móti á árinu, vegna þess, hve framkvæmdir við girðingar og gróðursetningar fóru fram úr áætlun, þá kom það niður á grisjun og hirðingu. Síðastliðið vor var ekki nægilegt landsvæði til grisjað fyrir allagróðursetninguna og varð því að grisja jafnóðum. Nú er mjög lítið til grisjað fyrir gróðursetningu næsta vors.

Keyptir voru 15 pokar af túnáburði 22, ll: ll og 2 pokar kjarna. Þessi áburður var aðallega borinn á rauðgrenisgróðursetningar frá 1959 og stafafuru frá 1965. Auk þessa var áburður borinn að trjám og runnum við sumarbústað Hauks Thors í Hvammi.

Klippt var frá plöntum og áburði dreift á eftirtalda reiti: á Stálpastöðum R 286, 285, 284, 283, 282, 382, 383 og 384 og í Hvammi í R 332. Auk þessa var grisjað frá plöntum í R 621 í Hvammi.

7. Vegagerð.

Engar framkvæmdir voru við vegagerð nema smávegis borið ofaní til viðhalds. Rudd var braut fyrir dráttarvél þvert í gegn um Selskógin til þess að dreifa girðingarefni á línurnar, en kostnaður við það taldist með girðingarkostnaði.

8. Byggingar.

Haldið var áfram framkvæmdum við íbúðarhúsið í Hvammi. Frágang hússins er nú að mestu lokið neme hvæð eftir er að ganga frá skápum í herbergjum, setja sóplista, veggfóðra bað o.fl. smávegis. Kostnaður við bygginguna var á árinu samtals Kr. 133.616.91. Í haust var byggingin tekin út til brunabótamats.

Endurbætur voru gerðar á gamla húsinu, þannig að það var tengt með gangi við viðbygginguna og hurð var látin milli eldhúss og borðstofu, en svefnherbergi á hæð gamla hússins

var breytt í eldhús, þar með var aflögð notkun á eldhúsi og borðstofu í kjallara. Breyting þessi markar tímamót í allri aðbúð starfsfólks í Hvammi, því kjallarinn er svo lélegur að öll aðstaða þar var langt fyrir neðan lágmarks-kröfur á mannabústöðum.

9. Vélar og verkfæri.

Keypt var á árinu lítil garðsláttuvél. Hún reyndist mjög þarf og gott verkfæri við að halda snyrtilegu umhverfi við húsið og sumarbústað Hauks Thors, en samkvæmt samningi við Hauk verðum við að annast það.

10. Ímislegt.

Til uppgræðslu á gróðurlausum melum var belgjum af Alaskalúpínu dreift all víða um Stálpastöði og í Hvamms-hlíðinni. Sú aðferð var höfð að stönglarnir með belgjunum voru tindir í poka og dreift strax út á melana. Þetta hefur reynzt ódýrari og hagkvæmari aðferð heldur en að burrka fræið og sá því síðan að vorinu.

Dálitið af Alaskamel var gróðursett í sandinn við Skorradalsvatn í Stjörnuhvammi á Stálpastöðum.

Á undanförnum árum hefur fólk úr nágrenni Hvamms oft leitað eftir að fá plöntur hjá mér í garða og reiti. Síðastliðið vor náiði ég í nokkrar garðplöntur frá Tumastöðum og hafði til sölu í Hvammi, þessi nýbreytni virtist vekja áhuga á trjárækt til dæmis var á einum bænum byrjað á trjágarði við íbúðarhúsið.

Í byrjun desember voru sold frá Stálpastöðum í Kaupfélagið í Borgarnesi 130 jólatré og 25 kg. af furugreinum fyrir samtals Kr. 23.110.00.

Reykjavík í febrúar 1970.

Agnar Þorsteinsson